

Athugasemdir frá Samkeppnisstofnun

Vegna ummæla fyrirvarsmanna Baugs hf. um verklag og vinnubrögð Samkeppnisstofnunar við gerð skýrslunnar Matvörumarkaðurinn, verðlagsþróun í smásölu 1996 til 2000, telur stofnunin nauðsynlegt að gera nokkrar athugasemdir. Ennfremur þykir þörf á að fjalla um athugasemdir forstjóra Baugs hf. og annarra kaupmanna um verðþróun á tilteknum matvörum.

I.

Talsmenn Baugs hf. hafa gagnrýnt að Samkeppnisstofnun hafi ekki leitað til fyrirtækisins eftir upplýsingum um verð þegar skýrsla stofnunarinnar var unnin.

Í skýrslunni kemur fram að Samkeppnisstofnun hafi við athugun á þróun smásöluverðs notast við verðvísitölu einstakra vöruflokka í vísitölu neysluverðs sem Hagstofa Íslands reiknar út í hverjum mánuði. Vísitölurnar byggja á mánaðarlegri könnun smásöluverðs þ.m.t. á mat- og drykkjarvörum. Eru þær að mati Samkeppnisstofnunar best og í reynd eini óyggjandi mælikvarðinn um þróun smásöluverðs, t.d. í matvöruverslunum, þar eð þær mæla meðalbreytinguna á verði þeirra vara sem mest er selt af í hverjum vöruflokki fyrir sig.

Þróun heildsöluverðs er ekki mæld hér á landi á reglubundinn og skipulegan hátt eins og þróun smásöluverðs. Þess vegna þurfti Samkeppnisstofnun að leita til fyrirtækja á markaðnum til að kanna breytingarnar á heildsöluverði þeirra sömu vörutegunda og Hagstofan miðar við til að mæla breytingar á smásöluverði. Þetta gat stofnunin gert a.m.k. á tvennan hátt. Annað hvort með því að snúa sér til matvöruverslana eða með því að afla gagna hjá birgjum matvöruverslananna (heildsala og íslenskra framleiðenda). Afla þurfti gagna allt frá upphafi ársins 1996 annars vegar og lokum ársins 2000 hins vegar. Af fenginni reynslu og vegna þess að margar verslanir hafa skipt um eigendur á því tímabili sem könnun Samkeppnisstofnunar tekur til (meðal annars með yfirtöku eða samruna) taldi stofnunin vænlegra til árangurs að afla nauðsynlegra gagna hjá birgjunum. Unnið var úr tölulegum upplýsingum um heildsöluverð á sama hátt og Hagstofa Íslands vinnur úr tölulegum upplýsingum um smásöluverð. Mismunur á þróun smásöluverðs og þróun heildsöluverðs gaf síðan tilefni til ályktana um almenna þróun smásöluálagningar á einstökum vöruflokkum.

Samkeppnisstofnun hafnar því að framanritað beri vott um slægt vinnubrögð. Stofnunin telur þvert á móti að aflað hafi verið upplýsinga þar sem vænta mætti að þær væru hvað nákvæmastar. Samkeppnisstofnun telur reyndar að það hefði reynst illmögulegt að afla nauðsynlegra gagna um þróun heildsöluverðs á annan skilvirkan hátt en gert var.

II.

Talsmenn Baugs og fleiri hafa gagnrýnt að skýrsla Samkeppnisstofnunar tíundi ekki kostnaðarbreytingar matvöruverslunarinnar sem leitt hafi til hækkunar á smásöluúlagningu. Ennfremur er gagnrýnt að ekki hafi verið fjallað um afkomu matvöruverslana. Skýrslan er og gagnrýnd fyrir fleiri atriði sem ekki er fjallað um í henni.

Eins og titill skýrslunnar ber með sér fjallar hún um verðlagsþróun á matvörumarkaðnum á tilteknu tímabili. Skýrslan fjallar einnig um samkeppnisaðstæður á markaðnum og þau atriði í viðskiptaháttum sem áhrif kunna að hafa haft á þróun verðlags. Í inngangi skýrslunnar er greint frá því að þetta séu viðfangsefni hennar. Þó að það sé fróðlegt að kanna og fjalla um alla þá þætti sem gagnrýnendur hafa bent á var það ekki viðfangsefni skýrslu Samkeppnisstofnunar. Það er því að mati stofnunarinnar ósanngjarnt og ekki málefnalegt að gagnrýna skýrslu hennar fyrir að fjalla ekki um atriði sem henni var aldrei ætlað að fjalla um.

III.

Í fjölmiðlum í dag eru m.a. tekin dæmi um verðþróun á lambakjöti í samtölum við fyrirvarsmenn matvöruverslana. Þar er því haldið fram að lambakjöt hafi ekki hækkað í smásölu um 30-35% eins og fram komi í skýrslu Samkeppnisstofnunar heldur hafi verð hækkað mun minna.

Eins og áður er vikið að miðaði Samkeppnisstofnun breytingar á smásöluverði við breytingar þess eins og þær mælast í vísitölu neysliverðs. Hvað lambakjöt áhrærir þá mælir vísitalan vegnar verðbreytingar á ýmsum hlutum lambakjöts í smásöluverslunum. Frá janúar 1996 til desember 2000 mældist meðalbreytingin á verði lambakjöts í matvöruverslunum samkvæmt útreikningum Hagstofunnar 32-33%. Á sama tíma var meðal verðhækkun á lambakjöti frá kjötvinnslustöðvum um 13-15% eins og reyndar er staðfest í áður nefndri umfjöllun í fjölmiðlum í dag. Þess ber að gæta að upplýsingar um verðbreytingar sem birtar eru í skýrslu Samkeppnisstofnunar miðast við breytingar á meðalverði en ekki verðbreytingar hjá einstökum fyrirtækjum. Þar af leiðandi geta einstök fyrirtæki væntanlega fundið dæmi um minni verðbreytingar en nefndar eru í skýrslu Samkeppnisstofnunar og dæmi um meiri verðbreytingar.

10. maí 2001

Samkeppnisstofnun

